

**ÁKVÖRDUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR**  
**nr. 62/2003**

**frá 16. maí 2003**

**um breytingu á XXI. viðauka (Hagskýrslugerð) við EES-samninginn**

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,

með hliðsjón af samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, eins og hann var aðlagður með bókun um breytingu á samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist hér á eftir samningurinn, einkum 98. gr.,

*og að teknu tilliti til eftirfarandi:*

- 1) XXI. viðauka við samninginn var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 17/2003 frá 31. janúar 2003 <sup>(1)</sup>.
- 2) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1221/2002 frá 10. júní 2002 um ársfjórðungsleg reikningsskil opinberra yfirvalda sem ekki eru fjárhagsleg <sup>(2)</sup> skal felld inn í samninginn.
- 3) Nauðsynlegt er að breyta aðferðum við hagskýrslugerð á Íslandi og í Noregi í veigamiklum atriðum og skal fyrstu afhendingu ársfjórðungsgagna frá þessum löndum frestað af þeim sökum.

ÁKVEDIÐ EFTIRFARANDI:

*1. gr.*

Eftirfarandi liður bætist við á eftir lið 19db (ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 98/715/EB) í XXI. viðauka við samninginn:

„19dc. **32002 R 1221:** Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1221/2002 frá 10. júní 2002 um ársfjórðungsleg reikningsskil opinberra yfirvalda sem ekki eru fjárhagsleg (Stjtið. EB L 179, 9.7.2002, bls. 1).

Ákvæði reglugerðarinnar skulu, að því er þennan samning varðar, aðlöguð sem hér segir:

Eftirfarandi málsgrein bætist við 5. gr.:

„3. Í fyrstu sendingu ársfjórðungsgagna frá Íslandi skulu vera gögn fyrsta ársfjórðungs ársins 2004. Þessi gögn skulu afhent eigi síðar en 30. júní 2004.

---

<sup>(1)</sup> Stjtið. ESB L 94, 10.4.2003, bls. 76 og EES-viðbætur við Stjtið. ESB nr. 19, 10.4.2003, bls. 21.

<sup>(2)</sup> Stjtið. EB L 179, 9.7.2002, bls. 1.

Í fyrstu sendingu ársfjórðungsgagna frá Noregi skulu vera gögn fyrsta ársfjórðungs ársins 2003. Þessi gögn skulu afhent eigi síðar en 30. júní 2003.““

*2. gr.*

Texti reglugerðar (EB) nr. 1221/2002 á íslensku og norsku, sem verður birtur í EES-viðbæti við *Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, telst fullgiltur.

*3. gr.*

Ákvörðun þessi öðlast gildi hinn 17. maí 2003 að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. samningsins hafi verið sendar sameiginlegu EES-nefndinni (\*).

*4. gr.*

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 16. maí 2003.

*Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar  
Formaður*

*P. Westerlund*

*Ritarar  
sameiginlegu EES-nefndarinnar*

*P.K. Mannes*

*M. Brinkmann*

---

(\*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.